

Bláskógabyggð
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 10. apríl 2024
UST202403-233/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Bláskógabyggðar - Íshellir í Langjökli.

Vísað er til erindis Bláskógabyggðar dags. 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint er nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli.

Sambærileg aðstaða er þegar fyrir hendi og hafa ekki komið fram athugasemdir varðandi þá starfsemi. Aðkoma verður eftir sömu vegum og áður og mun jökullinn líklega að lokum afmá hellinn.

Í greinargerð segir að „Umhverfisstofnun telur sig ekki þurfa að veita umsögn, nema svæðið sé á skilgreindu verndarsvæði.“ Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitir umsagnir varðand öll aðalskipulög og verulegar breytingar á þeim, en stofnunin veitir einungis umsagnir vegna deiliskipulaga sem ná til náttúruverndarsvæða og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Því þarf að taka þessa setningu út.

Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi lýsingu verkefnisins 18. júlí sl.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri